

Svar

atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra við fyrirspurn Ásmundar Einars Daðasonar um sauðfjárveikivarnagirðingar.

1. *Hvernig hefur á undanförunum fimm árum þróast kostnaður við viðhald sauðfjárveikivarnagirðinga, annars vegar vinnulaun og hins vegar efniskostnaður, sundurliðað eftir einstökum varnalínum?*

Upplýsingar um þróun kostnaðar vegna varnagirðinganna frá og með árinu 2007 er að finna í eftirfarandi töflu. Ekki liggja fyrir upplýsingar um skiptingu kostnaðar í vinnulaun og efniskostnað vegna þess að iðulega er um að ræða verktakasamninga um viðhaldið í heild.

Kostnaður við viðhald varnagirðinga 2007–2012.

Viðfang	Rauntölur 2007	Rauntölur 2008	Rauntölur 2009	Rauntölur 2010	Rauntölur 2011	Áætlun 2012
Bláskógalína	151.934					
Hvalfjarðarlína	597.174	1.445.683	746.712	695.738	918.295	500.000
Andakíslína	214.450	144.271				
Hvítársíðulína	1.415.657	2.544.328				
Tvídægrulína	4.055.111	3.031.414	4.209.106	3.282.251	3.424.877	2.400.000
Dalalína		45.816				
Snæfellsneslína	2.886.411	1.311.813	1.180.055	1.977.779	1.063.155	1.000.000
Hvammfjarðarlína	818.679	5.303.414	3.346.792	1.358.144	2.028.693	1.100.000
Gilsfjarðarlína	1.952.887	2.973.990	1.241.980	907.112	1.374.274	900.000
Kollafjarðarlína	683.851	798.267	579.522	621.868	332.112	300.000
Miðfjarðarlína	3.643.480	5.798.110	4.503.487	1.958.625	3.200.805	1.600.000
Kjalarlína	4.331.995	4.655.086	3.536.149	3.535.084	3.514.000	3.500.000
Reyðarfjarðarlína	39.093	284.035			291.013	400.000
Eldhraunslína	266.325	404.600				
Hólmsárlína	173.951					
Mýrdalssandslína	519.904	867.079	325.313			
Sólheimasandslína	203.592	234.962				
Kýlingalína	315.721	516.916	1.025.484	793.830	480.000	300.000
Varnagirðingar almennt	90.927	139.104		13.639	1.888	0
Samtals	22.361.142	30.498.888	20.694.600	15.144.070	16.629.112	12.000.000
Núvirði m.v. september 2012 (vísit. neysluv.)	32.293.142	38.628.703	23.654.354	16.689.383	17.336.272	

2. *Hver er aldur einstakra sauðfjárveikivarnagirðinga og hverjar þeirra þarfnast endurnýjunar?*

Flestar varnagirðinganna eiga uppruna sinn í þeim aðgerðum sem gripið var til í baráttunni við mæðiveikina sem barst hingað til lands árið 1933, þ.e. flestar girðinganna eru frá því um og eftir 1940. Á þeim sex til átta áratugum sem liðnir eru frá því að þessar girðingar voru settar upp hafa einstakir hlutar þeirra verið lagfærðir og þá eftir þeirri forgangsröðun sem beitt var hverju sinni um viðhaldið. Fjármunir þeir sem til ráðstöfunar hafa verið hafa þó

jafnaðarlega verið takmarkaðir miðað við endurnýjunarþörfina hverju sinni. Það eru því kaflar í öllum varnagirðingunum sem að dómi Matvælastofnunar þarfnast endurnýjunar.

3. *Hversu margt sauðfé hefur farið yfir varnalínur sl. fimm ár, sundurliðað eftir einstökum varnalínum og árum?*

Matvælastofnun heldur skráningu yfir fjölda línubrjóta en svo er það fé kallað sem treður sér í gegnum sauðfjárveikivarnagirðingarnar. Stofnunin hefur aðeins aðgengilegar tölur í töflum frá síðustu tveimur árum, 2010 og 2011. Upplýsingar frá fyrri árum eru til skráðar en mikil vinna lægi í að taka þær saman í töflu.

Fjöldi línubrjóta.		
Lína	2010	2011
Hvalfjarðarlína	65	42
Snæfellsneslína	42	11
Hvammfjarðarlína	61	33
Tvídægrolína	70	61
Arnarvatnslína	12	
Gilsfjarðarlína	37	4
Kollafjarðarlína		4
Miðfjarðarlína	41	17
Vatnsneslína	1	9
Blanda	2	
Kjalarlína	8	3
Héraðsvötn	23	8
Skjálfafljót	23	
Jökulsá á Fjöllum	13	
Jökla	14	
Lagarfljót/Jökulsá	11	2
Reyðarfjarðar-/Skriðdalslína	7	6
Hamarsá	59	5
Skeiðará	3	
Tungnaá	32	10
Markarfljót	4	
Þjórsá	9	4
Hvítá	96	79
Brúará	21	12
Sogs-, Bláskógalína	39	15
Samtals	693	325

Erfitt er að draga víðtækar ályktanir út frá þessum tölulegu upplýsingum, jafnvel þótt tímabilið væri lengra, því að áhrifavaldar, eins og t.d. að þeir sem leið eiga um trassi að loka hliðum, geta valdið því að fjárhópar fari á milli varnahólfa og verði skráðir sem línubrjótar. Það bendir þó margt til þegar tölur frá 2010 og 2011 eru bornar saman að þær ráðstafanir að fækka varnalínum hafi gefið góða raun.

4. *Hversu margir kílómetrar af aflögðum sauðfjárveikivarnagirðingum eru í landinu? Hefur ríkisstjórnin áform um að veita fjármagn til þess að fjarlægja þær?*

Með auglýsingu nr. 793/2009, um varnalínur vegna sauðfjársjúkdóma, voru lagðar niður nokkrar varnalínur sem ekki var lengur brýn þörf fyrir í baráttunni gegn sauðfjársjúkdómum. Í framhaldi af því tóku heimamenn víða við einstökum varnalínum, enda voru af þeim ýmis

not sem téðir aðilar vildu halda í. Helstu línur sem lagðar voru niður 2009 og ekki var áhugi fyrir hjá heimamönnum á hvorum stað að viðhalda voru Þorskafjarðarlína og Mýrdalslína sem eru samtals um 60 km. Áætlaður kostnaður við að fjarlægja hvern km er um 200.000 kr. eða samtals um 12 millj. kr.

Miðað við það fjárlagafrumvarp sem nú er til umfjöllunar á Alþingi er ekki gert ráð fyrir sérstökum fjárveitingum til Matvælastofnunar til að fjarlægja aflagðar sauðfjárveikivarnargirðingar.

